


## Hjúkrunarrými á Íslandi – biðlistar og biðtími: Stutt samantekt í janúar 2022

Á fyrsta degi ársins 2022 voru 405 á biðlista eftir varanlegri dvöl í hjúkrunarrými, 41 færri en í upphafi árs 2021.

Mynd 1 sýnir bæði meðalfjölda á biðlista á hverjum ársfjórðungi (punktalína) og meðalfjölda reiknaðan á hverja 10.000 íbúa 67 ára og eldri (gul lína) og 80 ára og eldri (blá lína)<sup>1</sup>. Mikilvægt er að hafa fjölda aldraðra í landinu til hliðsjónar þegar fjöldi á biðlista eftir hjúkrunarrýmum er skoðaður, en frá 1. janúar 2012 til 1. janúar 2021 jókst fjöldi þeirra sem voru 67 ára og eldri um 35% samanborið við 15% aukningu á heildarmannfjölda landsins. Aukning í hópi 80 ára og eldri nam hins vegar um 13%. Frá fyrsta ársfjórðungi ársins 2012 til fjórða ársfjórðungs 2021 fjölgaði einstaklingum á biðlista um 140%. Aukningin nemur 116% ef fjöldi á biðlista er reiknaður á fjölda íbúa 80 ára og eldri en 81% ef notast er við fjölda sem náð hefur 67 ára aldri. Um áramót biðu 20 einstaklingar sem ekki höfðu náð 67 ára aldri eftir varanlegri dvöl í hjúkrunarrými. Yngri einstaklingar eru taldir með í biðlistatölum þótt þeir telji ekki í mannfjöldatölum sem liggja að baki útreikningum.

Talsverðar sveiflur hafa verið í fjölda á biðlista síðustu misseri og á síðasta ársfjórðungi ársins 2021 biðu yfir 100 fleiri að meðaltali en á öðrum ársfjórðungi ársins 2020, þegar biðlisti styttist mikið með tilkomu nýrra hjúkrunarrýma.


Mynd 1. Meðalfjöldi á biðlista í hverjum ársfjórðungi á árunum 2012-2021



<sup>1</sup> Meðalmannfjöldi á Íslandi fyrir árið 2021 hefur ekki verið gefinn út af Hagstofu Íslands og er því miðað við mannfjölda 1. janúar 2021 í útreikningum fyrir það ár.


Mynd 2 sýnir fjölda sem fluttist í hjúkrunarrými (súlur) og hlutfall fólks sem beið lengur en 90 daga eftir rýminu (lína). Af þeim sem fluttust í hjúkrunarrými árið 2021 biðu 44% lengur en 90 daga og 56% skemur. Ári áður biðu 36% lengur en 90 daga svo markmið stjórnvalda um að 65% biðu 90 daga eða skemur náðist því sem næst. Stjórnvöld stefna á að 75% fái úthlutun innan 90 daga árið 2023.

Mynd 2. Fjöldi sem fluttist í hjúkrunarrými á árunum 2012-2021 og hlutfall sem beið lengur en 90 daga



Mynd 3 sýnir hversu lengi fólk sem fluttist í hjúkrunarrými á árunum 2011 til 2021 beið eftir rýminu. Þegar gögn eru ekki normaldreifð getur miðgildi gefið betri mynd af biðtíma en meðalbiðtími, sem getur lækkað/hækkað mikið ef einhverjir bíða óvenjulega stutt/lengi. Miðgildi fæst með því að raða biðtíma allra í röð eftir tímalengd og finna gildið í miðjunni. Þannig biðu u.þ.b. 50% þeirra sem fengu hjúkrunarrými skemur en sem nemur miðgildinu en u.þ.b. 50% lengur. Biðtími hefur lengst umtalsvert frá árinu 2011. Árið 2021 var miðgildi biðtíma 84 dagar, 14 dögum lengra en árið 2020 en 8 dögum styttra en árið 2019.

Mynd 3. Biðtími fólks sem fluttist í hjúkrunarrými á árunum 2012 til 2021



Heimild: Embætti landlæknis, heilbrigðisupplýsingasvið. Færni og heilsumatsskrá

Grunnurinn er „lifandi“, þ.e. breytist dag frá degi. Unnið var með gögn sem voru uppfærð 25.01.2022. Í þessari samantekt er miðað við að einstaklingur sé kominn á biðlista þegar ósk um hjúkrunarrými hefur verið skráð.

Vinnsluaðili: AG